

Nd.

42. Frumvarp til laga

um birtingu efnahagsreikninga.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gisli Guðmundsson.

1. gr.

Hlutafélög, samvinnufélög, önnur félög, fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga og einstaklingar, sem reka verzlun, útgerð, iðnað eða aðra atvinnu og skulda bönkum og sjóðum hér á landi samtals 50000 kr. eða meira í árslok, skulu árlega birta efnahagsreikninga sína. Séu reikningar afhentir stjórnarráðinu til birtingar eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið annast birtingu efnahagsreikninga samkv. 1. gr. Ráðuneytið ákveður með reglugerð form reikninganna, hvernig þeir eiga að vera sundurliðaðir og annað, sem snertir framkvæmd laga þessara.

Ráðuneytinu er heimilt að krefja þá aðilja, sem um getur í 1. gr., um rekstrarreikninga eða einstaka liði úr rekstrarreikningum, til birtingar, ef ástæða þykir til.

3. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að krefjast borgunar fyrir birtingu efnahagsreikninga. Það ákveður söluverð reikninganna, skipar fyrir um, hver stjórnarvöld skuli fá þá ókeypiss og hvað gera skuli til að gera almenningi sem auðveldast að kynnast reikningunum.

4. gr.

Ráðuneytið heldur sérstakan reikning yfir árlegar tekjur og gjöld reikningsútgáfunnar. Ef tekjuhalli verður, telst hann með skrifstofukostnaði stjórnarráðsins, en verði tekjuafgangur, telst hann með tekjum rikissjóðs.

5. gr.

Ráðuneytið getur hvenær sem er krafist banka og sjóði um skýrslu yfir lánveitingar.

6. gr.

Við vanrækslu þeirrar skyldu, að senda reikninga til birtingar, getur stjórnarráðið ákveðið dagsektir, unz úr er bætt. Úrskurði ráðuneytisins um dagsektir verður ekki áfrýjað. Gefi einhver ranga eða villandi skýrslu um efnahag sinn, varðar það sektum frá 100 til 1000 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Sektir skal innheimta með aðför.

7. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögglumál. Sektir samkvæmt lögnum renna í rikissjóð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til þess að bæta úr þeirri vöntun, sem er á því, að landsmenn eigi þess kost að kynnast hag þeirra fyrirtækja, sem hafa mest af sparifé þjóðarinnar til ávöxtunar, er frv. þetta fram borið. Reikningar rikissjóðsins og ríkisfyrirtækja eru nú árlega birtir almenningi, og verður eigi séð, að síður sé ástæða til að birta reikn-

inga einkafyrirtækja, sem hafa mikið af fjármunum landsmanna að láni frá bönkum og sjóðum.

Ríkisstofnanir birta nú árlega bæði rekstrar- og efnahagsreikninga, og væri réttmætt að krefjast samskonar reikningsskila af einkafyrirtækjum, sem starfa með lánsfé. Hér er þó aðeins lagt til, að þess verði krafizt, að efnahagsreikningar þeirra verði birtir, en ráðuneytinu veitt heimild til að krefjast rekstrarreikninga eða upplýsinga um einstök atriði úr rekstrarreikningum, eftir því sem ástæða þykir til. Gæti t. d. vel komið til mála að birta með efnahagsreikningunum upplýsingar um úthlutun ágóða í félögum o. s. frv. En það myndi m. a. auka kostnað við reikningaútgáfuna að birta rekstrarreikninga allra þeirra, sem lögin ná til, samhliða efnahagsreikningunum, og er sleppt að gera kröfur til þess að sinni.

Ályktun um birtingu reikninga einkafyrirtækja var samþykkt á síðasta flokksþingi framsóknarmanna. Erlendis eru hliðstæð ákvæði í lögum.

Skal svo vikið að einstökum greinum frv.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er ákveðið, að öll fyrirtæki, bæði félag og einstaklinga, sem skulda bönkum eða sjóðum 50000 kr. eða meira, skuli árlega birta efnahagsreikninga sína. Þykir eigi ástæða til að krefjast slikra reikningsskila af þeim, sem hafa minna en 50 þús. kr. lánsfé.

Um 2. gr.

Þar er ákveðið, að stjórnarráðið annist útgáfu reikninganna og skipi fyrir um form þeirra. Einnig að ráðuneytinu sé heimilt að krefjast rekstrarreikninga, eða upplýsinga um einstök atriði þeirra, ef það telur ástæðu til.

Um 3. og 4. gr.

Í þessum greinum er ákveðið, að stjórnarráðið geti krafizt borgunar fyrir birtingu reikninga af þeim, sem fyrirskipað er að birta reikninga samkv. 1. gr.; ennfremur að heimilt sé að láta reikningana ókeypis að einhverju leyti, og að haldinn sé sérstakur reikningur um tekjur og gjöld af þessari útgáfu. Eru þessi ákvæði hliðstæð þeim, sem eru í gildandi lögum um útgáfu Lögbirtingablaðsins.

Um 5. gr.

Rétt þykir að ákveða, að ráðuneytið geti hvenær sem er krafizt upplýsinga um lánveitingar frá bönkum og sjóðum, til samanburðar við reikninga, sem það fær til birtingar.

Um 6.—8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.